

AUGLÝSING

110

15. nóv.

um staðfestingu kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ UM BARNAVERND

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Reykjavíkur er bannað að selja börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs, tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.

Bönnuð er ennfremur öll sala á brjóstsykursstöngum, spýtubrjóstsykri, „sleikjum“ svonefndum og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndarinnar geta talizt beinlinis eða óbeinlinis hættulegar börnum og unglíngum.

3. gr.

Sjónleikir eða aðrar skemmtanir, sem börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs er ætlað að hafa aðgang að, skulu ávallt sýndar barnaverndarnefnd eða fulltrúum hennar, áður en sjónleikurinn eða skemmtanirnar eru sýndar almenningi, og getur þá nefndin bannað að börn og unglíngar innan 16 ára aldurs fái aðgang að þeim, ef henni þykir ástæða til.

4. gr.

Börn og unglíngar innan 16 ára aldurs mega því aðeins hafa á hendi blaðasölu og bóka, að þau fái til þess leyfi barnaverndarnefndar.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögunum. Skal fara með mál vegna þeirra brota á sama hátt og segir um slík mál í barnaverndarlögunum.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Þetta er hérmeð birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Í kirkjumálaráðuneytinu, 15. nóvember 1933.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.